



Hagtíðindi

Statistical Series

Þjóðhagsspá

16. apríl 2024

Þjóðhagsspá í apríl

Economic forecast, April

Samantekt

Hægt hefur á efnahagssumsvifum að undanfögnu. Hagvöxtur reyndist vera 4,1% á síðasta ári og er útlit fyrir að verg landsframleiðsla aukist um 1,5% í ár. Reiknað er með að hagvöxtur verði helst drifinn áfram af einkaneyslu, utanríkisviðskiptum og samneyslu. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér árið 2025 og verði 3,0% þegar innlend eftirspurn styrkist.

Horfur eru á að einkaneysla aukist um 0,9% í ár. Kortavelta og nýskráningar bifreiða gefa til kynna að einkaneysla gæti dregist saman á fyrsta fjórðungi ársins. Lægri verðbólga og launahækkanir munu styðja við vöxt einkaneyslu þegar líður á árið. Gert er ráð fyrir að fjölgun fólks á vinnufærum aldri verði áfram nokkur í ár og að einkaneysla á mann dragist saman um 1,2%. Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 3%, en horfur eru á að ráðstöfunartekjur hækki m.a. vegna lægri verðbólgu og vaxta. Samneysla jókst um 2,2% á síðasta ári. Jókst hlutfall hennar af vergri landsframleiðslu lítillega og var 25,7%. Gert er ráð fyrir að samneysla vaxi um 1,4% í ár en að heldur dragi úr vextinum næstu ár. Búist er við að hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu fari vaxandi í ár og verði 26,3%.

Útlit er fyrir hægan vöxt atvinnuvegafjárfestingar í ár. Fjármögnunarskilyrði þrengdust hratt á síðasta ári og eru áhrif þeirra að koma fram um þessar mundir. Í ár er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 1,3%. Árið 2025 er gert ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3% og um 3,7% árið 2026. Á þeim árum eru líkur á að fjármögnunarskilyrði hafi batnað auk þess sem áætlað er að framkvæmdir við Hvammsvirkjun verði komnar á fullt skrið. Viðsnúningur varð á íbúðafjárfestingu á síðari helmingi 2023 þegar vöxtur mældist eftir stöðugan samdrátt frá fyrsta fjórðungi ársins 2021. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting vaxi um 2,1% í ár en að vöxturinn verði öllu kraftmeiri á næsta ári eða rúm 10%. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 6,1% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir 4% samdrætti í fjárfestingu hins opinbera í ár en að viðsnúningur verði á næstu árum.

Í fyrra batnaði vöru- og þjónustujöfnuður á milli ára en hallinn nam um 0,1% af vergri landsframleiðslu. Útlit er fyrir um 0,4% afgang í ár. Heldur dró úr vexti útflutnings í fyrra eftir að ferðaþjónustan náði sér á strik og nam vöxturinn um 4,8% en aukning vöruútflutnings var minni. Samdráttur innflutnings mældist um 1,4% í fyrra eftir mikinn vöxt árin á undan. Í ár er gert ráð fyrir líðlega 3% útflutningsvexti en áhrif náttúruhamfara auka óvissu. Næstu ár er reiknað með 2,5-3,2% árlegum vexti. Talið er að innflutningur verði í samræmi við innlend efnahagssumsvif og aukist um 1,8% í ár en að jafnaði um 2,2% næstu ár.


Útlit er fyrir að verðbólga hjaðni á árinu. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur hjaðnað nokkuð hratt sem minnkar verðþrýsting á innfluttar vörur og aðföng. Einnig er gert ráð fyrir að eftir því sem hægir á efnahagssumsvifum dragi úr verðbólguþrýstingi. Þá skapar fyrirsjáanleiki hóflegra langtímakjarasamninga á vinnumarkaði skilyrði fyrir frekari hjoðnun verðbólgu. Reiknað er með að vísitala neysluverðs hækki um 5,2% að meðaltali í ár og um 3,2% að meðaltali árið 2025. Árið 2026 er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,7% að meðaltali en áætlað er að hún verði nálægt 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands eftir það.

Atvinnuleysi var að meðaltali 3,4% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í ár og verði að meðaltali 4,2% samhliða minni vexti þjóðarútgjalda og minnkandi spennu í hagkerfinu. Heildarvinnustundum fjölgaði um 5% á síðasta ári en útlit er fyrir að fjölgunin verði töluvert hægari í ár. Óvissu um launahækkunir næstu ára hefur nú verið eytt að mestu en stærsti hluti almenna markaðarins skrifaði undir kjarasamning til fjögurra ára í mars 2024. Laun hækka afturvirkir frá 1. febrúar um 3,25% og um 3,5% 1. janúar næstu þrjú ár, þó að lágmarki um 23.750 kr. Áætlað er að þeir samningar sem fylgja í kjölfarið á almenna markaðinum og hinum opinbera verði sambærilegir. Horfur er á að kaupmáttur launavísitölu aukist um 1,5% í ár og um 1,7% á næsta ári.

Skuldastaða heimila er efnahagslega traust og hefur hlutfall skulda heimila af vergri landsframleiðslu ekki verið lægra síðan 2018. Heimili eru aftur farin í auknum mæli að sækja í verðtryggð lán sem eru nú um 44% af heildarlánum heimila. Á næstu tveimur árum mun fastvaxtatímabil óverðtryggðra lána sem nema um fjórðungi af íbúðarlánum heimila renna sitt skeið og koma þá til endurskoðunar vaxtaákvæði þessara lána. Eigið fé heimila hefur ekki mælst hærra sem hlutfall af landsframleiðslu frá því söfnun talnaefnis hófst. Hrein erlend eignastaða þjóðarþúsins í lok síðasta árs nam tæplega 38% af vergri landsframleiðslu og hefur þjóðarþúið ekki staðið betur frá árslokum 2021.


Helstu óvissuþættir í tengslum við spána¹:

- Náttúruhamfarir á Reykjanesi.
- Verðbólguþróun.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.
- Aukin spennu í alþjóðasamskiptum og stríðsátök.



Heimild: Hagstofa Íslands.

¹ Forsendur þjóðhagsspár byggja á gögnum sem lágu fyrir í lok febrúar.




Alþjóðleg efnahagsmál

Heldur dró úr hagvexti helstu viðskiptaríkja Íslands á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Á fyrri helmingi ársins nam viðskiptavegin hagvöxtur um 1,4% en var 0,7% á þriðja fjórðungi ársins. Hagvöxturinn á fjórðungnum var að mestu dreginn áfram af 2,9% vexti í Bandaríkjunum. Vöxturinn í Bretlandi var öllu minni eða 0,2%.

Efnahagssumsvif á evrusvæðinu stóðu svo gott sem í stað á milli ára. Í Svíþjóð og Noregi mældist samdráttur en lítillægur vöxtur í Danmörku. Hagvöxtur í Bandaríkjunum var áfram kröftugur á fjórða ársfjórðungi og aðrar vísendingar gefa til kynna að efnahagsþróun helstu viðskiptaríkja hafi verið hagfelldari á fjórða fjórðungi en þeim þriðja og vöxtur ársins í heild hafi verið um 1,2%. Spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir framhaldi á hóflegum hagvexti framan af árinu sem taki lítillaga við sér seinni hluta ársins. Gert er ráð fyrir að viðskiptavegin hagvöxtur helstu viðskiptalanda verði um 1,3% í ár en aukist á næsta ári í 1,7%.

Verðbólga í helstu viðskiptaríkjum Íslands lækkaði nokkuð snarpt á síðasta ári eftir að hafa náð hámarki á fjórða ársfjórðungi 2022. Viðskiptavegin verðbólga helstu viðskiptalanda var um 3% á fjórða fjórðungi síðasta árs en var hæst um 9% á síðasta fjórðungi ársins 2022. Kjarnaverðbólga, þar sem ekki er tekið tillit til sveiflukenndra liða eins og verði á orku, hefur hins vegar reynst þrálátari sérstaklega í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í baráttu sinni við verðbólgu hækkuðu seðlabankar landanna stýrivexti hratt á síðasta ári og voru viðskiptavegnir stýrivextir komnir í 4,5% undir lok síðasta árs. Útlit er fyrir að stýrivextir hafi náð hámarki en seðlabankar hafa gefið í skyn að vöxtum verði haldið háum að minnsta kosti fram eftir ári. Gert er ráð fyrir að verðbólga helstu viðskiptalanda verði að jafnaði um 3% í ár og lækki enn á næsta ári þegar að hún verði rúm 2%.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi febrúar 2024.

Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Undir lok síðasta árs lækkaði olíuverð. Markaðsaðilar höfðu einkum áhyggjur af minnkandi vexti eftirspurnar eftir olíu og metframleiðslu í Bandaríkjunum. Lækkunin varð þrátt fyrir tilkynningu OPEC+ um niðurskurð framleiðslu olíu nokkurra ríkja. Snemma á árinu hækkaði olíuverð vegna óvissu tengdri olíuflutningum um Rauðahaf og átaka fyrir botni Miðjarðarhafs. Bandaríska upplýsingastofnunin um orkumál (EIA) spáir því að verð hækki lítillega næstu mánuði einkum vegna minni olíubirgða sökum framleiðslutakmarkana. Í framhaldinu verði þrýstingur á olíuverð til lækkunar vegna aukinnar birgðasöfnunar, einkum vegna samdráttar í eftirspurn eftir olíu. Verð í framvirkum samningum gefa til kynna að olíuverð hækki að jafnaði um 1% í ár en lækki að jafnaði um tæplega 5% árið 2025.

Útflutningsverð áls frá Íslandi lækkaði að jafnaði um 22,6% í fyrra. Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði minna eða um tæp 16% en hækkun útflutts áls var meiri árið 2022 en hækkun á heimsmarkaðsverði. Frá miðju síðasta ári hefur álverð haldist nokkuð stöðugt í um 2.200 Bandaríkjadöllum tonnið. Álframleiðsla er orkufrekur iðnaður og því má finna tengsl á milli álverðs og orkuverðs. Því má ætla að lækkun álverðs á síðasta ári hafi haldist í hendur við lækkandi orkuverð auk þess sem framleiðsla áls jókst lítillega á sama tíma og líttill vöxtur var í eftirspurn. Verð í framvirkum samningum bendir til að álverð verði að jafnaði um 3% lægra í ár en að árið 2025 hækki verð um 5,5%.

Verð annarra hrávara lækkaði um 9,8% í fyrra í kjölfar mikilla hækkana, einkum vegna stríðsátaka í Austur-Evrópu. Spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir að verð annarra hrávara muni lækka um 2,6% í ár en standi í stað næstu ár.

Árið 2023 hækkaði verð á útflutningsframleiðslu sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli sem einkum má rekja til verðbreytinga á botnfiskafurðum, mjöli og lýsi. Á árinu er reiknað með hóflegri lækkun á útflutningsverði sjávarafurða en þar vegast á annars vegar minna framboð þorsks sökum kvótaskerðingar í Barentshafi og hins vegar möguleg aukning framboðs á Evrópumörkuðum eftir að innflutningsbann Bandaríkjanna á sjávarafurðum frá Rússlandi hófst.


Viðskiptakjör versnuðu um 6% í fyrra einkum vegna lágs útflutningsverðs á áli. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör versni lítillega í ár þar sem útlit er fyrir hóflega verðlækkun sjávarafurða.

Utanríkisviðskipti


Jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd var neikvæður um liðlega 2,2 milljarða króna á síðasta ári eða um 0,1% af vergri landsframleiðslu og batnaði lítillega á milli ára. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum fyrir þjóðhagsreikninga Hagstofu Íslands mældist útflutningur í fyrra á föstu verðlagi meiri en árið 2019 í fyrsta skiptið frá upphafi kórónuveirufaraldursins. Vöxtur útflutnings á síðasta ári nam um 4,8% og var að mestu drifinn af umsvifum tengdum ferðabjónustu á meðan vöxtur vöruútflutnings mældist hóflegri. Í kjölfar mikils vaxtar innflutnings síðustu tvö ár samhlíða miklum vexti þjóðarútgjalda mældist 1,4% samdráttur í fyrra. Minni innflutningur stafar aðallega af samdrætti í vöruinnflutningi á milli ára, einkum viðskipta með hrávörur og fjárfestingarvörur. Á móti vó hófleg aukning í innflutningi þjónustu að undanskildum ferðalögum Íslendinga.

Horfur eru á að vöxtur útflutnings á milli ára minnki og að hann verði liðlega 3% í ár. Áætlað er að árlegur fjöldi erlendra ferðamanna verði svipaður að jafnaði og mest var árið 2018 eða um 2,3 milljónir og að nýtingarhlutföll gistirýma verði við sögulegt hámark. Þrátt fyrir áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga sýna hátíðnigögn að farþegum sem komu til landsins fjölgaði í upphafi ársins. Uppfærðar áætlanir opinberra aðila um sætaframboð í flugi til landsins gefa til kynna að erlendum ferðamönnum fjölgi í ár. Á móti eru vísbendingar um að eyðsla á hvern ferðamann hafi dregist saman undanfarna mánuði, t.a.m. fækkaði gistinóttum á mann um rúmlega 15% á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þrátt fyrir viðtæka loðnuleit varð ekki vart við nægjanlegt magn til að Hafrannsóknarstofnun heimilaði veiðar á loðnu í ár. Gert er ráð fyrir nokkru minni útflutningsframleiðslu álafurða í ár en í nóvemberspá sökum raforkuskerðingar til stórnotenda á suðvesturhluta landsins á fyrri helmingi ársins. Reiknað er með um 3% vexti útflutnings á næsta ári og að hann verði á bilinu 2,5-3,2% á ári eftir það. Helstu óvissuþættir áætlunarinnar varða umsvif lyfjaframleiðslu og lagareldis.

Í ár er spáð um 1,8% aukningu innflutnings sem má að mestu rekja til aukningar á innfluttri þjónustu. Hlutfall innflutnings af vergri landsframleiðslu hefur verið hátt undanfarin tvö ár eða um 45% samanborið við tæplega 41% meðaltal árin 1997-2021. Áætlað er að hlutfallið lækki út spátímam þar sem þróun innflutnings verður í samræmi við innlend efnahagsumsvif.



Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.





Útlit er fyrir lítils háttar afgang á vöru- og þjónustujöfnuði í ár í fyrsta sinn frá árinu 2019 þegar kórónuveirufaraldurinn hófst. Áætlað er að afgangurinn nemi um 0,4% af vergri landsframleiðslu en vaxi þegar á líður spátímam sökum jákvæðs framlags utanríkisviðskipta til hagvaxtar og bata á viðskiptakjörum. Árið 2029 er áætlað að afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd verði um 2,2% af vergri landsframleiðslu en til samanburðar nam afgangurinn 4,6% árið 2019. Jöfnuður þáttatekna og rekstrarframlaga var jákvæður um 0,2% af vergri landsframleiðslu í fyrra, einkum vegna neikvæðrar afkomu innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila. Afgangur á viðskiptajöfnuði nam um 0,1% af vergri landsframleiðslu í fyrra og er gert ráð fyrir að jöfnuðurinn batni næstu ár sökum vaxandi afgangs á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd.

Þjóðarútgjöld

Einkaneysla

Einkaneysla jókst um 0,5% árið 2023 samanborið við 8,3% árið 2022. Vöxturinn á fyrri hluta síðasta árs var 2,7% en einkaneysla dróst saman um 1,8% á síðari hluta ársins. Utanlandsferðum Íslendinga fjölgaði um 0,8% á síðasta ári en útgjöld erlendis drógust saman um 4,2%. Heimilin héldu einnig að sér höndum í eyðslu innanlands en samdráttur var í neyslu á vörum eins og mat, áfengi, skóm, húsgögnum og heimilisbúnaði. Á móti varð aukning í stöðugri útgjaldaliðum eins og heilbrigðisþjónustu og rekstri ökutækja og húsnæðis. Fólksfjölgun var hröð á liðnu ári. Fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,7% og dróst því einkaneysla á mann saman um 3,1%. Á árinu 2022 nýttu heimilin uppsafnaðan sparnað sem myndaðist í faraldrinum til að styðja við einkaneyslu. Útlit er fyrir að heimilin hafi aukið við sparnaðarhlutfall sitt á ný síðari hluta ársins 2023 þegar ráðstöfunartekjur uxu hraðar en einkaneysla.




Skýringar: Vegar ráðstöfunartekjur, úr tekjuskiptingauppgjöri Hagstofu Íslands, verðlagsleiðréttar með vísitölu neysluverðs. Ársbreyting heildarkortaveltu. Innlend kortavelta verðlagsleiðrétt með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Kortavelta erlendis verðlagsleiðrétt með gengisvísitölu og verðbólgu viðskiptalanda.

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Gallup og OECD.

Skammtíma vísibendingar gefa til kynna að einkaneysla gæti dregist saman á fyrsta fjórðungi ársins. Kortavelta Íslendinga á föstu verði var að meðaltali óbreytt á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra og nýskráningar einkabifreiða helminguðust. Kortavelta jókst lítillega í febrúar eftir að hafa dregist saman 10 mánuði í röð en dregið hafði jafn og þétt úr samdrættinum frá því hann náði hámarki síðasta sumar. Væntingavísitala Gallup hefur þróast til betri vegar síðustu mánuði en í janúar voru álíka margir jákvæðir og neikvæðir svarendur en töluvert fleiri voru neikvæðir á haustmánuðum. Greiðslubyrði af húsnæðislánum gæti hækkað hjá mörgum heimilum í ár og á næsta ári þegar óverðtryggð lán með föstum vöxtum koma til vaxtaendurskoðunar. Líklegt er þó að margir endurfjármagni skuldir sínar með verðtryggðum lánum til að lækka greiðslubyrði. Lægri verðbólga og nýir kjarasamningar styðja við einkaneyslu þegar líður á árið en gert er ráð fyrir að einkaneysla vaxi á ný á síðari hluta ársins og að 0,9% vöxtur verði á árinu. Horfur eru á að fólksfjölgun verði áfram töluvert á þessu ári og að einkaneysla á mann dragist saman um 1,2%.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla taki við sér á ný og aukist um 3%. Horfur eru á að raunlaunahækkunar verði meiri á næsta ári sökum lækkandi verðbólgu og lægri vextir styðji við ráðstöfunartekjur. Aðgerðapakki stjórnvalda sem kynntur var í tengslum við nýsamþykka kjarasamninga mun einnig hækka ráðstöfunartekjur á samningstímabilinu sem nær frá 2024 til 2027. Auknum fjármunum verður ráðstafað í tilfærslukerfin þar sem áhersla verður lögð á stuðning við barnafjölskyldur. Heildarkostnaður vegna aðgerðanna gæti orðið um 80 ma.kr á fjórum árum.


Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,8% árið 2026 og um 2,6% að meðaltali út spátímabilið. Hluttur einkaneyslu í vergri landsframleiðslu var 50,1% árið 2023 en í nóvemberspánni var gert ráð fyrir að hlutfallið yrði 51,8%. Nýleg endurskoðun á þjóðhagsreikningum skýrir þetta en verg landsframleiðsla síðustu ára var endurmetin til hækkunar en einkaneysla lækkuð lítillega. Horfur eru á að hluttur einkaneyslu í landsframleiðslu verði 50,1% í ár og að meðaltali um 50% á spátímabilinu, lítillega undir meðaltali síðustu 10 ára sem er 50,6%.




Skýringar: Einkaneysla á mann miðað við fjölda fólks á vinnufærum aldri.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Samneysla og opinber fjármál

Samneysla hins opinbera jókst um 2,9% á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Það var talsvert meiri vöxtur en á fyrstu þremur fjórðungum ársins þegar að samneysla jókst um 2% að jafnaði. Samneysluvöxtur síðasta árs var 2,2% þegar horft er til ársins í heild sem er svipuð aukning og árið 2022. Útgjöld hins opinbera til samneyslu jukust um rúmlega 10% að nafnvirði á milli ára og námu um 1.100 milljörðum króna á síðasta ári. Hlutfall samneyslu í vergri landsframleiðslu jókst lítillega í fyrra og var 25,7% samanborið við 25,6% árið 2022. Hlutfallið í fyrra var yfir 24,7% meðaltali síðustu 20 ára.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.



Tæplega 6 milljarða afgangur var á rekstri hins opinbera á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Á árinu í heild var hins vegar 86,7 milljarða halli sem nam um 2% af vergri landsframléiðslu ársins. Tekjur hins opinbera voru 1.844 milljarðar króna eða 43,1% af vergri landsframléiðslu sem var tæplega 12% aukning frá fyrra ári. Útgjöld hins opinbera voru um 1.931 milljarðar, 45,1% af vergri landsframléiðslu ársins og jukust um tæplega 7% á milli ára.

Fjárlög ársins 2024 voru samþykkt á Alþingi í desember síðastliðnum þar sem gert er ráð fyrir batnandi afkomu ríkissjóðs, auknu aðhaldi ríkisfjármála og stuðningi við hjaðnandi verðbólgu. Samkvæmt fjárlögum er áætlað að heildartekjur A-hluta ríkissjóðs vaxi um 5,6% frá síðasta ári og að heildargjöld vaxi um 4,8%. Gert er ráð fyrir að frumjöfnuður verði jákvæður um 25 milljarða króna en vaxtjöfnuður neikvæður um 76 milljarða króna. Halli á A-hluta ríkissjóðs er því áætlaður um 51 milljarðar króna í ár. Óvissa hefur aukist um afkomu hins opinbera á spátímanum vegna náttúruhamfara á Reykjanesi. Þá fela aðgerðir stjórnvalda í tengslum við nýundirritaða kjarasamninga í sér aukin útgjöld. Fjárlögin gera ráð fyrir að samneysluútgjöld ríkissjóðs aukist um tæplega 8,1% að nafnvirði frá síðasta ári.

Sé mið tekið af fjárlögum ársins að viðbættum áætlunum sveitarfélaga er gert ráð fyrir að vöxtur samneyslu verði um 1,4% í ár en að heldur dragi úr vextinum á næstu árum sem verði um 0,8% að jafnaði árin 2025-2027. Reiknað er með að hlutur samneyslu í vergri landsframléiðslu aukist í ár og verði 26,3%. Hlutfallið lækkar næstu ár vegna hægari vaxtar samneyslu og verði um 25% við lok spátímans.

Fjárfesting


Atvinnuvegafjárfesting

Í nýrri útgáfu þjóðhagsreikninga í lok febrúar var umfangsmikil endurskoðun á fyrri bráðabirgðartölum um atvinnuvegafjárfestingu. Niðurstöður fyrir árin 2021 og 2022 voru endurmetnar til hækkunar um samtals 104 milljarða króna í ljósi bættra upplýsinga. Hækkunin kemur m.a. fram í fjárfestingu í fasteingaviðskiptum og bílaleigubílum. Þá voru einnig birtar bráðabirgðatölur fyrir árið 2023 í heild sinni en samkvæmt þeim hægist mikið á vexti atvinnuvegafjárfestingar. Atvinnuvegafjárfesting jókst um 0,9% á síðasta ári en árið 2022 hafði hún aukist um 27%. Hlutur atvinnuvegafjárfestingar í landsframléiðslu var yfir 15% árin 2022 og 2023 sem jafnast á við árin 2016 og 2017 þegar fjárfesting jókst vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu.

Í nýjum bráðabirgðatölum fyrir árið 2023 kom í ljós hægari vöxtur í flestum undirliðum atvinnuvegafjárfestingar og samdráttur í fleiri undirliðum en áður miðað við árið 2022. Hægari vöxtur atvinnuvegafjárfestingar var því á breiðum grunni. Almenn atvinnuvegafjárfesting jókst um 1,2% en þar eru skip, flugvélar og fjárfestingar í orku- og stóriðju undanskilin en þeir liðir eru almennt mjög sveiflukenndir. Fjárfesting í orku- og stóriðju jókst hins vegar um 13,2% en talsverður samdráttur var í fjárfestingu skipa og flugvéla.

Útlit er fyrir að hægur vöxtur atvinnuvegafjárfestingar haldi áfram í ár. Fjármögnunarskilyrði þröngdust hratt á síðasta ári og eru áhrif þeirra að koma fram um þessar mundir. Innflutningur fjárfestingarvara dróst einnig saman á seinni helmingi ársins 2023 en á móti vegur sterkur vöxtur í upphafi þessa árs en óljóst er hvort það sé vegna einskiptisliða. Í ár er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 1,3%. Reiknað er með hóflegum vexti í almennri atvinnuvegafjárfestingu en að áfram verði aukning í fjárfestingu í orku- og stóriðjuframkvæmdum. Árið 2025 er gert ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3% og um 3,7% árið 2026. Á þeim árum eru líkur á að fjármögnunarskilyrði hafi batnað auk þess sem áætlað er að framkvæmdir við Hvammsvirkjun verði komnar á fullt skrið.

Endurmat þjóðhagsreikninga í febrúar gefur til kynna að fjárfesting sem hlutfall af vergri landsframléiðslu hafi verið 23,7% sem er yfir meðaltali frá aldamótum en á spátímanum er reiknað með að hlutur fjárfestingar minnki lítillega og verði að meðaltali um 23,3% af vergri landsframléiðslu.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Íbúðafjárfesting og íbúðamarkaður


Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 0,3% á síðasta ári. Vöxtur mældist á þriðja og fjórða fjórðungi ársins en samfelldur ársfjórðungslegur samdráttur hafði mælst frá fyrsta fjórðungi ársins 2021. Samkvæmt tölum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) fjölgaði fullbúnum íbúðum á síðasta ári um 3.457. Af þeim voru 378 íbúðir vegna breyttrar skráningar íbúða í eldri byggingum og því voru 3.079 íbúðir fullbúnar í nýbyggingum sem er lítilleg fjölgun frá 2022 þegar um 2.900 íbúðir voru fullbúnar. Í lok síðasta árs voru ófullbúnar íbúðir 7.148 og fækkaði um rúmlega 200 íbúðir frá árslokum 2022.

Á síðasta ári voru að jafnaði um 17.700 manns starfandi í byggingariðnaði sem er um 9,5% fjölgun frá árinu á undan og hafa ekki verið fleiri starfandi eins langt og skráargögn Hagstofu Íslands ná. Í fyrra jókst velta í þeim atvinnugreinaflokkum sem ná einna helst utan um byggingu íbúðarhúsnæðis, það er atvinnugreinaflokkum 41 (Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna) og 43 (Sérhæfð byggingarstarfsemi), um 19% frá fyrra ári. Vert er að hafa í huga að einhver hluti veltu í þessum atvinnugreinaflokkum telst til almennrar atvinnuvegafjárfestingar. Kröftugur samdráttur varð í innflutningi steypustyrktarjárns á síðasta ári eða um tæp 48%. Samdrátturinn kemur í kjölfar gríðarlegs vaxtar árið 2022 þegar innflutningur steypustyrktarjárns jókst um tæp 80%. Þá varð samdráttur í innflutningi sements um rúm 8% eftir kraftmikinn vöxt árið 2022.

Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist áfram. Útlit er fyrir að íbúðafjárfesting vaxi um 2,1% í ár og 10,1% næsta ár en svo dragi úr vextinum.



Heimild: Hagstofa Íslands.



Árin 2016-2019 var mikill kraftur í byggingu íbúðarhúsnæðis. Hlutfall íbúðafjárfestingar af vergri landsframleiðslu fór hæst í 5,9% árið 2020 en hefur lækkað og mældist um 4,6% á síðasta ári. Reiknað er með að hlutfallið haldist óbreytt í ár en hækki næstu ár og verði um 5% út spátímann.


Í mars gaf HMS út nýja íbúðaverðsvítitölu sem mælir húsnæðisverð á landinu öllu. Vísitalan hækkaði um 1,9% á milli mánaða í febrúar og hefur hún hækkað um 5,7% síðastliðna 12 mánuði. Verðhækkunin í febrúar er einna helst dregin áfram af hækkun fjölbýlis á landsbyggðinni sem hækkaði um 6,4% milli mánaða. Í mánaðarskýrslu HMS í mars er þessi hækkun fjölbýlis á landsbyggðinni rakin til íbúðarkaupna Grindvíkinga en í febrúar samþykkti Alþingi lög um kaup ríkissjóðs á íbúðarhúsnæði í Grindavík. Því er líklegt að einhver fjöldi Grindvíkinga hafi selt húsnæði sitt og keypt í nágrennasveitarfélögum bæjarins. Óvissa um íbúðafjárfestingu og íbúðaverð hefur aukist vegna náttúruhamfara við Grindavík.

Fjárfesting hins opinbera


Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 6,1% á síðasta ári. Munar þar mikið um ríflega 23% samdrátt á þriðja fjórðungi ársins en hann er tilkominn vegna grunnáhrifa af kaupum ríkissjóðs á hluta húsnæðis Landsbankans við Austurhöfn á þriðja ársfjórðungi 2022. Að nafnvirði jókst fjárfesting hins opinbera um tæp 2% og var um 163 milljarðar króna.

Árið 2021 var hlutfall fjárfestinga hins opinbera af vergri landsframleiðslu um 4,2% vegna fjárfestingarátaks hins opinbera og hafði ekki verið hærra frá árinu 2008. Hlutfallið lækkaði frá 2021 og var um 3,8% á síðasta ári. Hlutfallið í fyrra er svipað og meðaltal síðustu 20 ára en þá var hlutur fjárfestingar hins opinbera um 3,7%. Hlutfallið í fyrra var þó talsvert undir tæplega 4,3% meðaltali frá árinu 1970. Gert er ráð fyrir að hlutfallið verði nokkuð stöðugt næstu ár, að jafnaði um 3,6% á ári en fari hæst í rúmlega 3,7% árið 2027.

Miðað við samþykkt fjárlög ársins og áætlanir sveitarfélaga er útlit fyrir áframhaldandi samdrátt fjárfestingar hins opinbera. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs aukist í ár að nafnvirði m.a. vegna kaupa á nýju hafrannsóknarskipi sem væntanlegt er til landsins á fjórða ársfjórðungi. Áætlanir stærstu sveitarfélaga gera hins vegar ráð fyrir að fjárfesting þeirra dragist saman að nafnvirði í ár. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að samdráttur í fjárfestingu hins opinbera verði 4% í ár. Á næstu árum er gert ráð fyrir að viðsnúningur verði í fjárfestingu hins opinbera sem vaxi um 5,5% árið 2025, 1,5% árið 2026 og 5,5% árið 2027.





Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.



Vinumarkaður og laun

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR) var atvinnuleysi að meðaltali 3,4% á síðasta ári og hefur ekki mælst lægra frá 2018. Árstíðarleiðrétt leitni atvinnuleysis hefur þökast upp á við frá síðasta sumri og útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram í ár. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist í ár og verði að meðaltali 4,2% samhliða minni vexti þjóðarútgjalda og minnkandi spennu í hagkerfinu. Fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,7% á síðasta ári. Hægt hefur á fólksfjölgun síðustu tvo ársfjórðunga og horfur eru á að sú þróun haldi áfram. Atvinnuþátttaka var að meðaltali 80,5% árið 2023 samanborið við 80,1% árið 2022. Gert er ráð fyrir að atvinnuþátttaka lækki lítillega næstu ár þegar dregur úr spennu í hagkerfinu. Heildarvinnustundum fjölgaði um 5% á síðasta ári en útlit er fyrir að fjölgunin verði töluvert hægari í ár. Samkvæmt Vinnumálastofnun var skráð atvinnuleysi 3,9% í febrúar samanborið við 3,7% á sama tíma í fyrra. Að meðaltali voru 7.589 einstaklingar atvinnulausir í febrúar. Skráð atvinnuleysi hefur nú aukist á milli ára fjóra mánuði í röð.




Skýringar: Heildarvinnustundir og mannfjöldi; ársfjórðungsmeðaltöl. Fyrsti fjórðungur 2024 inniheldur aðeins janúar og febrúar.

Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.

Fjöldi starfandi samkvæmt staðgreiðsluskrá jókst um 4,4% á síðasta ári en að meðaltali voru um 10.000 fleiri starfandi í hverjum mánuði miðað við árið á undan. Starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustu fjölgaði um 12% á síðasta ári en um 3.400 fleiri voru að meðaltali starfandi í greininni sem skýrir þriðjung af heildarfjölgun starfandi á tímabilinu. Störfum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fjölgaði um 9,5% eða um 1.600 að meðaltali. Enn er nokkur eftirspurn eftir starfsfólki en 4.690 störf voru laus á síðasta fjórðungi ársins 2023 samanborið við 6.150 á sama tíma á árinu á undan. Hlutfall lausra starfa af öllum störfum var 1,9% á tímabilinu.

Launavísitala reglulegra launa hækkaði að meðaltali um 9,8% á síðasta ári. Launavísitala miðað við fast verðlag jókst hins vegar aðeins um 0,9%. Óvissu um launahækkunar næstu ára hefur nú verið eytt að mestu en stærsti hluti almenna markaðarins skrifaði undir kjarasamning til fjögurra ára í mars 2024. Laun hækka afturvirkir frá 1. febrúar um 3,25% og um 3,5% 1. janúar næstu þrjú ár, þó að lágmarki um 23.750 kr. Áætlað er að þeir samningar sem fylgja í kjölfarið á almenna markaðinum og hinum opinbera verði sambærilegir. Gert er ráð fyrir að launavísitala miðað við fast verðlag hækki um 1,5% í ár og 1,7% á næsta ári. Ákvæði er í samningunum um kaupataxaauka sem veitir kaupataxahópum hlutdeild í launaskriði á almennum vinnumarkaði ef hækkunar þar verða meiri. Einnig er ákvæði um framleiðniauka sem getur komið til 1. apríl 2026 og 2027 ef framleiðniaukning ársins á undan er meiri en 2%. Ekki er gert ráð fyrir að það komi til slíkra hækkana í spánni.




Heimild: Hagstofa Íslands.

Verðbólga, gengi og stýrivextir


Á síðasta ári hækkaði vísitala neysluverðs um 8,7% sem er mesta hækkun vísitölunnar frá árinu 2009. Verðbólguþróun einkenndist af afleiðingum verðbólguþróunar í helstu viðskiptaríkjum sem hafði áhrif á verð innflutnings og aðföng innanlands. Einnig var talsverð spenna í hagkerfinu og á vinnumarkaði ásamt miklum verðhækkunum á fasteignamarkaði. Almennt hafði aukning verðbólgu áhrif á flesta undirliði neysluverðsvísitölunnar. Tæpan þriðjung hækkunar neysluverðsvísitölu á síðasta ári mátti rekja til húsnæðis og yfir fjórðung til þjónustu. Aðrir liðir á borð við búvörur og grænmeti hækkuðu um 13,5% og aðrar innlendar vörur hækkuðu um 9,1%. Tólf mánaða hækkun vísitölu neysluverðs náði hámarki í febrúar þegar hún hækkaði um 10,2% en í desember hafði hún hjaðnað í 7,7%.

Í upphafi árs hjaðnaði verðbólga. Í janúar reyndist ársbreyting neysluverðsvísitölunnar vera 6,7% sem var undir væntingum markaðsaðila. Ársbreyting vísitölunnar hefur hins vegar lítið breyst frá upphafi árs og í mars reyndist verðbólga vera 6,8% en án húsnæðis var hún um 4,7%. Hlutur húsnæðis í verðbólgu hefur aukist síðustu mánuði eftir að dregið hafði úr framlagi liðarins fram undir lok síðasta árs. Húsnæði er áfram helsti drifkraftur verðbólgu líkt og verið hefur síðustu tvö ár. Heldur hefur dregið úr hækkun á mat- og drykkjarvörum síðustu mánuði en í mars hækkuðu þær um 7,1% miðað við 11,8% hækkun á milli ára að meðaltali árið 2023. Innlendar vörur án búvöru og grænmetis hækkuðu um 5,6% í mars á meðan innfluttar vörur í heild hækkuðu um 2,4%. Minni hækkun innfluttra vara má meðal annars rekja til hjaðnandi verðbólgu í viðskiptalöndum og sterkara gengi krónu miðað við gengisþróun undir lok síðasta árs. Opinber þjónusta hækkaði um 8,9% frá fyrra ári í mars en önnur þjónusta hækkaði um 5,8%.



Skýringar: Mánaðarmeðaltöl, síðasta gildi mars 2023.

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands



Útlit er fyrir að verðbólga hjaðni næstu ár. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur hjaðnað nokkuð hratt og benda spár alþjóðastofna til að verðbólguáhrifin sem hrjáð hefur heimsbyggðina undanfarin misseri verði að mestu horfinn á næsta ári. Sú þróun styður við hagfelldari verðlagsþróun innanlands. Einnig er gert ráð fyrir að eftir því sem hægir á efnahagssumsvifum dragi úr verðbólguþrýstingi. Þá skapar fyrirsjáanleiki hóflegra langtímakjarasamninga á vinnumarkaði skilyrði fyrir frekari hjoðnun verðbólgu. Reiknað er með að vísitala neysluverðs hækki um 5,2% að meðaltali í ár og um 3,2% að meðaltali árið 2025. Árið 2026 er gert ráð fyrir að verðbólga verði 2,7% að meðaltali en áætlað að hún verði nálægt 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands eftir það.

Á síðasta ári veiktist gengi krónunnar um 2,6% gagnvart öðrum gjaldmiðlum að meðaltali. Gengi krónunnar sveiflaðist nokkuð innan ársins. Frá janúar til ágúst styrktist gengi krónunnar um rúmlega 7% á milli mánaðarmeðaltala. Síðsumars veiktist gengi krónunnar. Gengið veiktist nokkuð hratt í nóvember og gæti óvissa vegna náttúruhamfara á Reykjanesi hafa haft áhrif. Seinni hluta nóvember styrktist gengi krónunnar á ný. Síðustu fjóra mánuði hefur gengi krónunnar styrkst lítillega á milli mánaðarmeðaltala en í mars hafði gengið styrkst um 0,9% að meðaltali frá sama tíma í fyrra. Velta á gjaldeyrismarkaði hefur verið með rólegra móti en í febrúar keypti Seðlabanki Íslands gjaldeyri fyrir um 9 milljarða en það er í fyrsta skipti frá maí 2022 sem bankinn beitir slíkum inngrípum. Í þjóðhagsspá er reiknað með að gengi krónunnar haldist stöðugt á spátímanum.

Taumhald peningastefnunnar hefur aukist að undanfögnu. Raunstýrivextir mældir út frá verðbólgu urðu jákvæðir upp úr miðju ári 2023 eftir að hafa verið neikvæðir frá upphafi árs 2020. Síðan þá hafa raunstýrivextir þokast upp á við og voru um 2,4% að meðaltali á fyrsta ársfjórðungi. Í yfirlýsingu peningastefnufndar Seðlabanka Íslands þann 20. mars kom fram að stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum. Stýrivöxtum hefur nú verið haldið óbreyttum síðustu fjórar vaxtakvarðanir eða frá október 2023. Í yfirlýsingunni var bent á að verðbólga hafi hjaðnað en að verðbólguvæntingar væru yfir markmiði. Þó hægt hefði á hagkerfinu hefði spenna reynst meiri í ljósi endurskoðunar á þjóðhagsreikningum. Á móti vegur að óvissa hefur minnkað á vinnumarkaði vegna undirritunar kjarasamninga fyrir stóran hluta vinnumarkaðar en áfram er fyrir hendi óvissa um launaskrið og aðgerðir í ríkisfjármálum.


Fjármálaleg skilyrði

Skuldastaða heimila er efnahagslega traust. Skuldir eru nú um 73% af vergri landsframleiðslu og hefur hlutfallið ekki verið lægra í a.m.k. tuttugu ár. Hlutfall höfuðstóls skulda í ráðstöfunartekjum gefur til kynna sambærilegar niðurstöður þar sem aukning höfuðstólsins í heild hefur ekki haldið í við aukningu heildartekna heimila. Ný lán heimila síðastliðna átta mánuði hafa nær eingöngu verið verðtryggð og eru ríflega 44% allra lána heimilanna af þeim toga. Til samanburðar var hlutfallið 37% í lok árs 2022. Innlán heimila í janúar síðastliðnum námu um þriðjung af áætlaðri vergri landsframleiðslu í ár sem er yfir miðgildi hlutfallsins frá árinu 1995. Hagtölu Hagstofu Íslands sýna að eigið fé heimila hefur ekki verið hærra sem hlutfall af vergri landsframleiðslu frá því söfnun talnaefnisins hófst. Á næstu tveimur árum mun fastvaxtatímabil óverðtryggðra lána sem nema um fjórðungi af íbúðarlánum heimila renna sitt skeið og koma þá til endurskoðunar vaxtaákvæði þessara lána. Niðurstöður rannsókna Seðlabanka Íslands gefa til kynna að allflest heimili munu ekki verða fyrir mikilli aukningu í greiðslubyrði til skemmri tíma að því gefnu að endurfjármögnunin verði í verðtrygðum lánum.


Útlánavöxt atvinnufyrirtækja má að miklu leyti rekja til starfsemi byggingafélaga og annarra fyrirtækja tengdum fasteignaviðskiptum. Fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum hafa almennt fremur leitast við að draga úr lántöku á milli ára undanfarið sem skýrist sennilegast af hærra vaxtastigi og væntingum um minni umsvif. Heildarskuldir fyrirtækja hagkerfisins eru sögulega lágir samanborið við verga landsframleiðslu þar sem hlutfallið er nú liðlega 75%. Heildarvísitala skráðra hlutabréfa í Kauphöll Íslands (OMXIGI) hélst um það bil óbreytt á milli ára í fyrra en umtalsverð hækkan átti sér stað frá og með miðjum fjórða ársfjórðungi sökum bjartsýni um horfur Alvotek og yfirtökutilboðs frá erlendu fyrirtæki í Marel. Vestanhafs hækkuðu hlutabréfavísitölur sömuleiðis eða um liðlega 20% sem skýrist að mestu af verðþróun félaga tengdum upplýsingatækniþjónustu.

Hrein eignastaða við útlönd í lok síðasta árs nam tæplega 38% af vergri landsframleiðslu og hefur þjóðarþúið ekki staðið betur frá árslokum 2021. Þessi hagfellda þróun ársins 2023 skýrist að mestu af erlendum eignaverðshækkunum umfram verðhækkunir innanlands auk þess sem hraðar dró úr erlendri skuldastöðu. Í nóvember hækkaði lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings lánshæfiseinkunn ríkissjóðs úr „A“ í „A+“ með

stöðugar horfur og í mars staðfesti Fitch Ratings „A“ láns hæfiseinkunn ríkissjóðs. Telja matsfyrirtækin að við ákvörðun sína vegi þyngst viðnámsþróttur hagkerfisins gagnvart ytri áföllum í greiðslujöfnuði, lítil erlend skuldsetning og traust staða efnahagsreikninga einkageirans. Á móti vegi lakara skuldahlutfall hins opinbera og möguleg áhætta tengd breytingum á eignaverði.



Skýringar: Hrein erlend staða þjóðarbúsins án innlánsstofnanna fyrir árin 2008-2014.
Heimild: Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



English summary

Economic activity has slowed recently. The economy grew by 4.1% last year. Gross domestic product is forecast to increase by 1.5% this year, driven by private consumption, foreign trade and public consumption. Growth is expected to pick up in 2025 and reach 3.0% when domestic demand strengthens.

Private consumption is expected to increase by 0.9% this year. Credit card transactions and new vehicle registrations indicate that private consumption will be subdued in the first quarter of the year. Lower inflation and wage increases will support private consumption growth as the year progresses. The number of people of working age are presumed to continue increasing this year, albeit at a slower pace, and that private consumption per capita will decrease by 1.2%. Next year, private consumption is set to grow by 3%, underpinned by increasing disposable income, attributed in part to declining inflation and lower interest rates. Public consumption increased by 2.2% last year. Its share of GDP increased slightly and reached 25.7%. Public consumption is expected to grow by 1.4% this year, with growth decreasing in the following years. This year the share of public consumption in GDP is anticipated to be 26.3%.

The outlook for business investment has soured. Financial conditions tightened rapidly last year and their effects are being felt. This year, business investment is forecast to increase by 1.3%. Business investment is projected to increase by 3% in 2025 and by 3.7% in 2026, as financial conditions improve. A turnaround took place in residential investment in the second half of 2023, after a quarterly decline from the first quarter of 2021. Residential investment is forecasted to grow by 2.1% this year and robust growth in 2025. Public sector investment decreased by 6.1% last year. This year, public sector investment is set to decline by 4%, but a reversal to growth is presumed in coming years.

Last year, the balance of goods and services improved year-on-year, with the deficit amounting to about 0.1% of GDP. A surplus of around 0.4% of GDP is anticipated in 2024. Growth in exports slowed last year after the tourism sector had reached pre-pandemic levels, registering an increase of about 4.8%. Imports contracted by 1.4% last year, following significant growth in previous years. Exports are forecasted to grow by 3% in 2024, though the impact of ongoing natural disasters adds uncertainty. In the coming years, annual growth of 2.5-3.2% is projected. Imports are assumed to grow in line with domestic economic activity, estimated at 1.8% this year and averaging 2.2% in the following years.

Inflation is set to decelerate in 2024. Inflation abroad has subsided rapidly and as domestic economic activity slows, inflationary pressures will decrease. Additionally, recently negotiated long term wage agreements for most of the private sector create conditions for further slowdown in inflation. The Consumer price index is forecast to increase by 5.2% on average this year and by 3.2% in 2025. In 2026, inflation is expected to reach 2.7% on average, but is estimated to be close to the 2.5% inflation target of the Central Bank of Iceland in the following years.









Unemployment averaged 3.4% last year. As the economy slows down, unemployment is forecast to increase this year, averaging 4.2%. Total working hours increased by 5% last year, but the increase is expected to be significantly slower this year. Uncertainty regarding wage increases for the coming years has now been largely resolved, with most of the private sector signing a four-year wage agreement in March 2024. Subsequent agreements in both the private and public sectors are assumed to be comparable. The wage index is projected to increase by 1.5% in real terms in 2024 and by 1.7% next year.









The debt position of households is economically sound and the ratio of household debt to GDP has not been lower since 2018. Household equity has not been higher as a percentage of GDP since data collection began. The net foreign asset position at the end of last year amounted to almost 38% of GDP.







Tafla 1. Landsframleiðsla 2023–2029
Table 1. Gross domestic product 2023–2029

Magnbreyting frá fyrra ári (%) <i>Volume growth from previous year (%)</i>	Framreikningur <i>Extrapolation</i>						
	2023 ¹	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	0,5	0,9	3,0	2,8	2,6	2,6	2,5
Samneysla <i>Government final consumption</i>	2,2	1,4	0,8	0,7	0,9	1,0	1,0
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-0,6	0,6	4,8	3,5	1,7	0,7	2,6
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	0,9	1,3	3,0	3,7	0,1	0,7	2,9
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-0,3	2,1	10,1	4,5	3,8	3,3	3,1
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	-6,1	-4,0	5,5	1,5	5,5	-2,8	0,5
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	1,2	0,9	2,8	2,4	2,0	1,7	2,1
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	4,8	3,0	3,0	2,8	3,2	3,0	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	-1,4	1,8	2,6	2,3	2,3	1,8	2,0
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	4,1	1,5	3,0	2,7	2,4	2,3	2,3
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	-0,1	0,4	0,7	1,0	1,3	1,9	2,2
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	1,0	0,4	0,7	1,1	1,5	2,0	2,3
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	4.279	4.535	4.829	5.110	5.372	5.646	5.942
Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i>	8,7	5,2	3,2	2,7	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	0,6	2,0	1,0	0,7	0,5	0,5	0,5
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	3,4	4,2	4,2	4,1	4,0	4,0	4,0
Launavísitala m.v. fast verðlag <i>Real wage rate index</i>	0,9	1,5	1,7	1,6	1,6	1,6	1,5
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>	1,2	1,3	1,7	1,9	1,7	1,6	1,6
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	5,2	3,1	2,2	2,0	1,9	1,9	1,9
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	-22,6	-2,8	5,5	4,6	3,5	3,3	2,7
Olíuverð <i>Oil price</i>	-16,9	0,8	-4,7	-3,6	-2,3	-1,2	-0,5

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*







Hagtíðindi Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

109 árg. ♦ 3. tbl. 16. apríl 2024

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Marínó Melsted ♦ marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.